

Verklagsreglur um kaup á upplýsingatækniþjónustu

Með sátt Reiknistofu bankanna hf. (RB) og hluthafa félagsins við Samkeppniseftirlitið, dags. 11. maí 2012, skuldbatt Valitor sig til að undirgangast ítarleg skilyrði sem meðal annars er ætlað að vinna gegn því að starfsemi RB og háttsemi hluthafa hamli samkeppni á upplýsingatæknimarkaði. Sáttin er birt í ákvörðunarorðum ákvörðunar nr. 14/2012, Undanþágubeiðni vegna starfsemi Reiknistofu bankanna hf. og samruni við Teris.

Með sáttinni hefur Valitor skuldbundið sig til að setja verklagsreglur um framkvæmd útboða og verðkannana vegna kaupa bankans á upplýsingatækniþjónustu í þeim tilvikum þegar RB er gefinn kostur á þátttöku í verkefnum. Verklagsreglunni er jafnframt ætlað að tryggja það að Valitor leiti ávallt hagkvæmstu kjara í kaupum á upplýsingatækniþjónustu, hvort heldur er nýju einstöku verkefni eða þjónustusamningi, eða endurnýjun fyrri rekstrar- eða þjónustusamninga tengdum upplýsingatækni. Ennfremur að jafnræðissjónarmiða verði gætt við val á þátttakendum í verkefnum hjá félaginu og að ekki verði gripið til neinna ráðstafana, með beinum eða óbeinum hætti, sem ætlað er á ómálefnalegan hátt að tryggja einum viðsemjanda verk á kostnað annarra.

Gildissvið

Verklagsreglur þessar gilda um kaup Valitor á upplýsingatækniþjónustu er RB er gefinn kostur á þátttöku í verkefnum. Valitor skal ávallt leita hagkvæmstu kjara í kaupum á upplýsingatækniþjónustu. Ef RB er gefinn kostur á þátttöku í verkefnum tengdum upplýsingatækniþjónustu, hvort sem um kaup á nýrri þjónustu er að ræða eða endurnýjun eldri rekstrar- eða þjónustusamninga, skal útboð eða vönduð verðkönnun fara fram þar sem leitað hagstæðustu kjara fyrir viðkomandi verkefni eða þjónustu.

Markmið

Markmið verklagsreglnanna er að stuðla að traustum og ábyrgum innkaupum á upplýsingatækniþjónustu. Við framkvæmd innkaupa er lögð áhersla á að jafnræði sé með viðsemjendum Valitor (hér eftir nefndir seljendur) og að endurspegluð séu markmið Valitor um að ná fram hagkvæmni, gagnsæi og sanngirni. Þá er lögð áhersla á að innkaupin séu gerð á viðskiptalegum forsendum og að þau þjóni hagsmunum Valitor og styðji við stefnu félagsins. Auk þess leggur Valitor áherslu á mikilvægi jafnréttissjónarmiða við val á seljanda þjónustu.

Ábyrgð og skipulag innkaupa

Sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs hjá Valitor er ábyrgur fyrir innkaupum sem falla undir stefnu þessa. Sviðsstjórinn vinnur markvisst með framkvæmda- og sviðsstjórum Valitor að því að ná fram bestu niðurstöðu í innkaupum fyrir Valitor á hverjum tíma.

Leita skal leiðsagnar sviðstjóra upplýsingatæknisviðs varðandi öll innkaup sem falla undir gildissvið reglna þessara, hvort sem þau fara fram á grundvelli verðkannanna eða útboða.

Innkaupaaðferðir

Valitor leggur ríka áherslu á að samstarf við seljendur byggi á trausti, gagnkvæmri virðingu og trúnaði. Valitor leitar ávallt hagkvæmstu kjara í kaupum á upplýsingatækniþjónustu sem falla undir reglur þessar. Við mat á því hvað er hagkvæmast hverju sinni er m.a. litið til verðs, gæða, öryggis, kostnaðar innanhúss við innleiðingu þjónustunnar sem og hvernig þjónustan fellur að upplýsingatæknikerfum félagsins.

Þarfagreining

Áður en verðkönnun fer fram skal ávallt liggja fyrir þarfagreining á viðkomandi verkefni. Þarfagreining er áallt gerð samkvæmt viðhöfðum aðferðum Valitor í upplýsingatækniverkefnum sem fer m.a. eftir umfangi verkefnisins og hverju er verið að reyna að ná í gegn með verkefninu.

1. Tilvik þar sem leitað er eingöngu til eins aðila með upplýsingatækniþjónustu

Í einstaka tilvikum er Valitor ómöguleg að ráðast í útboð eða gera verðkönnun um verkefni. Í þeim tilfellum getur bankinn aðeins leitað til eins aðila með upplýsingatækniþjónustu. Eru það í eftirfarandi tilfellum:

1. Þegar viðkomandi verkefni er augljóslega flokkað sem viðhald á núverandi kerfum hjá viðkomandi aðila og samningur liggur fyrir;
2. Ef útboð/verðkönnun stríður gegn leiðbeinandi tilmælum FME nr. 1/2005 er Valitor ómögulegt að bjóða út þjónustuna eða gera verðfyrirspurn. Haldinn er listi yfir þau verkefni sem ekki eru boðin út.

Auk þessa leggur Valitor áherslu á sanngirni í samskiptum og að gildandi kjarasamningar séu virtir.

Valitor lætur fara fram útboð eða vandaða verðkönnun á kaupum á upplýsingatækniþjónustu sem fellur undir gildissvið þessara reglna. Þar skal leitað að hagkvæmstu lausn fyrir viðkomandi verkefni eða þjónustu. Ef RB er ein um að geta veitt þjónustu á sviði upplýsingatækniþjónustu, er heimilt að falla frá

verðkönnun og útboðum. Valitor heldur skrá um slík tilvik.

Áður en verðkönnun eða útboð fer fram eru þarfir félagsins metnar og lagðar til grundvallar við val á þátttakendum hverju sinni. Við gerð verðkannana eða útboða skilgreinir Valitor hvernig mat er lagt á birgja og verðupplýsingar frá þeim. Valitor kynnir öllum þátttakendum í verðkönnun á hverju matið byggist og hvernig það verði framkvæmt.

Valitor heldur lista yfir þá aðila sem boðið hafa Valitor kaup á upplýsingatækniþjónustu.

Samningar um kaup á upplýsingatækniþjónustu, sem fellur undir gildissvið þessara reglna, eru lengst gerðir til fimm ára í senn. Heimilt er að framlengja samninga um 12 mánuði í senn eftir að gildistíma lýkur, enda séu málefnalegar ástæður fyrir því.

Verðkannanir

Við kaup á upplýsingatækniþjónustu er að meginstefnu til notast við verðkannanir þar sem þarfir Valitor eru hverju sinni tilgreindar.

Þegar verðkönnun er beitt við innkaup skal útbúin þarfalýsing sem tilgreinir þá þætti sem lagðir verða til grundvallar við val á seljanda, svo sem verð, gæði, öryggi, vottanir, tæknilegir eiginleikar, útlit, notkunareiginleikar, umhverfislegir eiginleikar, rekstrarkostnaður, rekstrarhagkvæmni, viðhaldsþjónusta, afhendingardagur og afhendingartímabil, lok framkvæmdar samnings eða fyrri reynsla af samskiptum. Valið getur byggst á samspili tveggja eða fleiri þátta eða annarra þátta sem kunna að skipta meira máli fyrir Valitor en komi til þess skulu þeir þá tilgreindir eftir því sem við verður komið í þarfalýsingu.

Í kjölfar verðkönnunar er gengið til samninga við þann aðila sem uppfyllir best þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar hverju sinni.

Útboð

Sé verðkönnun ekki beitt getur Valitor staðið fyrir opnum eða lokuðum útboðum. Útboð og skilmálar þeim tengdum skulu vera skýr og málefnaleg og með skilmálunum skal tryggja jafna stöðu bjóðenda. Skal í útboðsgögnum koma fram hvernig meðferð virðisaukaskatts af skilgreindri þjónustu er háttað hjá Valitor. Valitor sem hluthafa í RB er óheimilt að grípa til hvers konar ráðstafana sem, með beinum eða óbeinum hætti, er ætlað á ómálefnalegan hátt að tryggja RB viðkomandi verk. Að öðru leyti skal framkvæmd útboða vera í samræmi við lög um nr. 65/1993.

Birting

Reglur þessar eru aðgengilegar á heimasíðu Valitor
www.valitor.is

Tengiliðir:

Steinunn M. Sigurbjörnsdóttir, sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs.
steinunn@valitor.is